

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-125F026**

Dags: **18. júlí 2018**

Staður: **Við Sandskeið**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Flugmaður ásamt farþega flaug flugvél TF-FFH (Piper PA-28R-201T) frá flugvelliðum í Reykjavík og hugðist fara í landingaræfingar á Sandskeiði.

Rétt áður en komið var að Vífilstöðum fann flugmaðurinn einkennilega lykt og gangurinn í hreyflinum varð grófur. Veikti flugmaðurinn þá eldsneytisblönduna¹ og gekk hreyfillinn betur við það. Þegar



komið var yfir Elliðavatn fór hreyfillinn aftur að ganga verr. Taldi flugmaðurinn þá rétt að lenda flugvélinni, en þar sem hann var kominn upp fyrir byggðina vildi hann ekki snúa við til Reykjavíkurflugvallar. Ákvað hann þess í stað að reyna að ná inn til flugvallarins við Sandskeið.

Hreyfill flugvélarinnar hélt ekki lengur fullum afköstum og hélt því flugvélin ekki hæð. Var snúningshraði² hreyfilsins kominn niður í 2000 snúninga á mínútu þegar hún flaug yfir Lögberg við Fossavallaá. Samkvæmt handbók framleiðanda skal klifra á flugvélinni á 75%

¹ Fuel mixture leaned

² RPM

af fullum afköstum, sem er við 2450 snúninga á mínútu³. Var flugmaðurinn með þjóðveg 1 (Suðurlandsveg) á vinstri hönd og malarveg sem liggur meðfram þjóðveginum að Bláfjallavegi fyrir neðan sig. Hugsaði flugmaðurinn malarveginn sem varalendingarstað ef hann næði ekki inn til flugvallarins við Sandskeið.

Þegar flugvélin var um 2 km vestan við þröskuld flugbrautar 15 á flugvelli á Sandskeiði, flaug hún yfir háspennulínur. Þá hafði flugvélin misst umtalsverða hæð. Taldi flugmaðurinn að flugvélin hafi verið í um 800 feta hæð yfir sjávarmáli, rétt yfir háspennulínunum þegar hún flaug yfir þær. Var snúningshraði hreyfilsins þá kominn niður í 1800 snúninga á mínútu. Kallaði flugmaðurinn á bylgju Sandskeiðs og lét vita af að hann væri að koma inn til landingar með hreyfilbilun.

Þegar flugvélin flaug yfir Bláfjallaveg dró flugmaðurinn aflið af hreyflinum og við það drapst á hreyflinum. Dugði svif⁴ flugvélarinnar til þess að hún gæti lent á flugvelli við Sandskeið og gekk landingin vel.



Við skoðun á flugvélinni kom í ljós að olía lak frá einum strokk⁵ hreyfilsins. Við nánari skoðun á hreyflinum kom í ljós að tveir stimplar⁶ höfðu gefið sig. Var hreyfillinn sendur í yfirhal til þess að skipta um alla stimpla og strokka hans.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 4. október 2018.

³ Piper PA-28RT-201T, Section 4, Normal Procedures, 4.33 Climb

⁴ glide

⁵ cylinder

⁶ pistons